

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	30.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Ingi Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Einu eldra frávik tókst ekki að ljúka í samræmi við úrbótaáætlun frá fyrra ári. Það er því enn frávik í þessu fyrra eftirliti 2016 og rekstraraðili þarf að senda uppfærða úrbótaáætlun vegna þess. Eitt nýtt frávik vegna uppsafnaðs timburúrgangs var skráð í eftirliti.

Ein athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt úrsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Yfirferð yfir nýtt starfsleyfi sem er frá 16. mars 2016
2. Yfirferð yfir frávik frá fyrri eftirlitum
3. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
4. Skoðun á urðunarstaðnum

Í nýju starfsleyfi eru ekki kröfur um að rekstraraðili hafi viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Eins eru ekki kröfur um neyðaráætlun. Gera þarf áætlun um endanlegan frágang við lokun urðunarstaðarins og skal áætlunin liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfseminni lýkur. Mæliáætlun er í starfsleyfinu, og er hún tvíþætt, annars vegar hvað mæla skal ef einungis er urðaður óvirkur úrgangur og hins vegar viðbótakröfur er urðaður er lífníðurbrjótanlegur úrgangur. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst 2016.

Þrenn árleg gagnaskil eru tilgreind í starfsleyfinu, 1) Skil til Umhverfisstofnunar um magn og gerð úrgangs fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan. 2) Skil til Umhverfisstofnunar á upplýsingum um losun mengandi efna sbr. útstreymisbókhalda fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan. 3) Skil til eftirlitsaðila um niðurstöður skráninga sbr. grein 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan.

Tvö frávik voru skráð í síðasta eftirliti. Annað snéri að því að samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun hafa ekki verið haldnir á fjögurra ára fresti. Samráðsfundur var boðaður og haldinn í byrjun desember sl. og þar með var brugðist við því frávik og telst því nú lokið. Hitt frávik snéri að kröfum um vökvahelt plan þar sem geymdir eru bílar og tæki sem innihalda olíuefni. Úrbótaáætlun gerði ráð fyrir hönnun og gerð plansins fyrir lok júní sl. Verkáætlun hefur dregist m.a. vegna hönnunarmála og mun þurfa að gera breytingu á deiliskipulagi sorpurðunarsvæðisins sem er frá 18. september 2013 til þess að nýja vinnu- og geymslusvæðið falli innan skipulags. Þegar komið var í eftirlit var unnið við timburuppslátt á nýju gámasvæði og ljóst að enn er töluverður tími þar til framkvæmdum lýkur. Kröfur um vökvahelt plan eru því enn skráð sem frávik hjá rekstraraðila.

Í nýju starfsleyfi eru mörk sett á það hversu miklu magni timburs og trjágreina (garðaúrgangur) er heimilt að geyma á svæði urðunarstaðsins. Samkvæmt ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi má magn brennanlegs úrgangs á athafnarsvæðinu ekki fara yfir 500 tonn hverju sinni. Við skoðun á gögnum sem skilað hefur verið til Umhverfisstofnunar síðust ár sést að timbur sem berst á staðinn hefur verið sett í geymslu allt frá árinu 2011 og má gera ráð fyrir að 1000 – 1500 tonn af timbri og trjágreinum séu í geymslu. Það er 2 -3 sinnum leyfilegt magn og telst því frávik.

Næst var farið yfir helstu kröfur sem starfsleyfið gerir til rekstraraðila. Ákvörðun var tekin um að draga úr kröfum til botnþéttingar urðunarreina fyrir óvirkan úrgang og byggir ákvörðunin á áhættumati sem rekstraraðili lagði fram. Ekki er gerð krafa um söfnun sigvatns né hauggass frá þeim hluta

urðunarstaðarins. Mælingar á mengun sem kann að berast frá urðunarstaðnum skulu gerðar í samræmi við ákvæði í 5.2 í starfsleyfi. Niðurstöður ársins 2015 hafa borist.

Ekki hefur verið tekið við sláturúrgangi né dýrahæjum á yfirstandandi ári.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum. Nýtt vinnsluhús og starfsmannaaðstaða voru skoðuð svo og aðstaða við bílavog. Gengið var um geymslusvæði fyrir vinnuvélar og bílhæ og áfram yfir á urðunarsvæðið. Svæðið lítur betur út en síðast þegar komið var í eftirlit en enn eru leyfar af gamla geymslusvæðinu til lýta á svæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfinu	Krafa er um að tímabundin geymslu á úr-sér-gengnum ökutækjum, eða á öðrum olíusmituðum úrgangi fari fram á malbikuðu eða steypu yfirborði með niðurfalli í lægsta punkti, sem tengt er við olíuskilju. Þessu er enn ólokið.
ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfinu	Krafa er um að magn brennanlegs úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skuli ekki fara yfir 500 rúmmetra hverju sinni. Mikið magn, meira en 500 tonn, brennanlegs úrgangs eru geymd að Strönd.

#### ATHUGASEMDIR

Breyta þarf deiliskipulagi fyrir sorpurðunarsvæðið að Strönd nú þegar ljóst er að athafnasvæði rúmast ekki innan "gamla" deiliskipulagsins.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.07.2016



Gottskálk Friðgeirsson